

hennar var hegningarvert. Er því afbrot hennar af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 253. gr. sbr. 37., 30. og 22. greinir hegningarlaganna. En með til-
liti einkum til þess, að hún hefur hlotið illt uppeldi virðist mega færa hina ídæmdu refsingu niður í 20 daga einfalt fangelsi. Með þessari breytingu ber að staðfesta undirrjettardóminn. Allan kostnað af áfrýjun málsins og þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 12 kr. til hvors þeirra, ber hinni ákærðu eptir málavöxtum að greiða.

Rekstur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærða, Þóra Eyjólfsdóttir, á að sæta einföldu fangelsi í 20 daga, að öðru leyti á dómur undirrjettarins óraskaður að standa. Svo greiði hún og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað og þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Jónssonar og Páls Melsteðs, 12 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 27/1878:

Hið opinbera

gegn

Jakob presti Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með dómi kveðnum upp fyrir lögregluþingi Reykjavíkur kaupstaðar 29. dag októbermán. þ. á. er presturinn síra Jakob Guðmundsson fyrir að hafa brotið gegn 5. grein tilskip. 26. febrúar 1872 um toll af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, með því ekki að

skýra hlutaðeigandi lögreglustjóra frá, að til hans höfðu flutzt með póstgufuskipinu 29. ágústmán. næstan á undan 5 pottar af vínanda, dæmdur eptir nefndri lagagrein samanboriuni við 1. grein tilskipunarinnar til þess að greiða 4 krónu sekt í landssjóð og þar að auki til sama sjóðs 2 kr. í toll af nefndum vínanda, eins og honum líka er gjört að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Þessum dómi hefur eptir ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Með póstgufuskipinu Phönix, sem kom hingað til Reykjavíkur 29. dag ágústmán. þ. á. fluttist meðal annars kassi með utanáskript til kærða, og skyldi samkvæmt utanáskriptinni póstmeistari Finsen veita honum móttöku. Hafði kærði bedið Finsen að taka við honum og senda upp á Akranes. Eptir að kassi þessi hafði verið í landi á póststofunni hjer um bil 24 stundir kom lögreglustjóri á póststofuna og opnaði kassann, — fundust þá í honum auk annars 2 flát með 5 pottum af vínanda — og kyrrsetti hann.

Með því nú lög 24. ágúst 1877 um breyting á ofannefndri tilskipun 26. febr. 1872, 2. gr. mæla svo fyrir, að þegar tollskyldar vörur samkvæmt tilskipun 26. febr. 1872 og lögum 11. febr. 1876 flytjist á íslenzka höfn á gufuskipi, þá skuli farið eptir því, sem fyrir er mælt í 4. gr. tilskipunar 26. febrúar 1872, en kassi sá, sem hjer ræðir um, og tollskyldar vörur fundust í, var kyrrsettur af lögreglustjóra áður en frestur sá var liðinn er síðastnefnd lagagrein til tekur, þá getur hjer ekki um neitt lagabrot gegn tolllögunum verið að ræða, og ber því að dæma hinn kærða sýknan af ákærum hins opinbera í þessu máli.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að greiða allan málskostnað og þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og

svaramanns fyrir yfirdóminum, 12 krónur til hvors þeirra, úr opinberum sjóði.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Jakob prestur Guðmundsson, á að vera sýkn af kærum hins opinbera í þessu máli. Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar á meðal málsfærslulaun sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Jónssonar og Páls Melsteðs, 12 kr. til hvors þeirra, greiðist úr opinberum sjóði.
